

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 07.01.2008  
Tilv. 164/2006 - 1.05.02  
EG

**Erindi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru, 47. mál.**

Lýðheilsustöð fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru, með það að markmiði að sporna við offitu einkum meðal barna og ungmenna. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er offita hratt vaxandi heilbrigðisvandamál hér á landi og er í raun orðin faraldur í íslensku þjóðfélagi. Sérstakt áhyggjuefni er ofþyngd og offita meðal barna, en um 21% grunnskólabarna eru yfir kjörþyngd og þar af eru um 5% of feit.

Auglýsingar á óhollum matvörum í sjónvarpi í kringum barnatíma á Íslandi er staðreynd. Í verkefni Sesselfu Birgisdóttur „Börn og auglýsingar – greining á auglýsingum í sjónvarpi ætluðum börnum“ kemur fram að af þeim auglýsingum sem birtar voru á 7 daga tímabili í kringum barnatíma í íslensku sjónvarpi voru 55% á matvöru, sælgæti og svaladrykkjum. Eingöngu voru auglýstar matvörur á borð við sykraða svaladrykki, sykrað morgunkorn, skyndibita, sælgæti og pylsur. Rannsóknir hafa sýnt að matarauglýsingar hafa áhrif á val barna og foreldra þeirra á matvælum, innkaupavenjur og neyslu. Í viðamikilli úttekt bresku Matvælastofnunarinnar (Food Standard Agency) þar sem farið var í gegnum rannsóknir á áhrifum matarauglýsinga í sjónvarpi á börn kom fram að þær fæðutegundir sem mest er haldið að börnum í auglýsingum eru þær sem stuðla að óhollu mataræði. Þar kom einnig fram að matarauglýsingar hafa áhrif á val barna á matvælum, bæði hvað varðar vörumerki, t.d. hvaða súkkulaðistykki á að velja, og flokk matvæla (sælgæti eða ávexti).

Matvælaframleiðendur nýta sér fleiri miðla en sjónvarp til að auglýsa vörur sínar. Lýðheilsustöð tekur því undir með flutningsmanni frumvarpsins að einnig þurfi að huga að því hvort hægt sé að takmarka auglýsingar á óhollustu á vefnum og jafnvel í öðrum miðlum.

Þingsályktunartillaga sem hér er um fjallað er í samræmi við tilmæli  
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem telur mikilvægt að settar séu reglur sem lúta að  
auglýsingum og markaðssetningu matvæla fyrir börn og hvetur aðildarlöndin til að gera slíkt.  
Lýðheilsustöð styður þingsályktunartillöguna og telur hana mikilvægan þátt í baráttunni við  
ofþyngd og offitu barna.

Virðingarfyllst  
Lýðheilsustöð

*Elva Gísladóttir*

Elva Gísladóttir  
verkefnisstjóri næringar

*Pórolfur Þórlindsson*  
Pórolfur Þórlindsson  
forstjóri